

Kópavogi, 25. júní 2021  
Tilvísun: CoreData-númer

## Efni fundar: Sjá dagskrá

Fundarmenn: Birgir Ásgeirsson, Freyja Haraldsdóttir, Guðjón Hreinn Hauksson (varamaður Önnu Maríu Gunnarsdóttur), Guðmundur Engilbertsson, Ingimar Ólafsson Waage, Kristinn Þorsteinsson, Ragnar F. Ólafsson, Sigrún Grendal Jóhannesdóttir (varamaður Haralds Freys Gíslasonar), Sonja Dögg Pálsdóttir og Svandís Ingimundardóttir (varamaður Karls Frímanssonar).

Sigrún Grendal Jóhannesdóttir yfirgaf fundinn kl. 14:30

Fjarverandi: Þorgerður Diðriksdóttir

Fundarritari: Birgir Ásgeirsson, Sonja Pálsdóttir og Ingileif Ástvaldsdóttir, starfsmaður kennararáðs

## Dagskrá fundar:

1. Upphaf  
Dagskrá fundarins og fundargerð kennararáðs 27. maí 2021
2. Hæfniramma kennara og skólastjórnenda
3. Lágmarksviðmið í íslensku – tillaga um innihald reglugerðar
4. Starfsþróun
5. Drög að starfsáætlun 2021-2022
6. Fundartímar starfsárið 2021-2022
7. Önnur mál

## Umræður og ákvarðanir:

1. Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerð. Fundargerðin skoðast því samþykkt eins og hún liggur fyrir.

Fyrirspurn barst frá fulltrúa KÍ um atriði síðasta fundar sem sneri að tónlistarskólum. Formaður verður í sambandi við viðkomandi til að skýra málið nánar.

2. Lokadrög hæfniramma lögð fyrir ráðið ásamt minnisblaði til að senda til ráðherra.

Formaður kynnti stöðu hæfnirammans og samráð við SÍS. Skjölín sem send höfðu verið fyrir fundinn höfðu þegar verið yfirfarin af SÍS og brugðist hafði verið við athugasemdum.

Ákveðið var að bæta við stuttum texta um innleiðingu hæfnirammans aftast í minnisblaðið. Aðrar athugasemdir komu ekki fram.

Formaður sendir lokaútgáfu á meðlimi ráðsins og sendir svo hæfnirammann með minnisblaðinu til ráðherra í júlí.

Formaður þakkar öllum sem komu að vinnu hæfnirammans fyrir góða vinnu.

3. Formaður kynnti lokadrög að minnisblaði til ráðherra sem inniheldur lágmarksviðmið í íslensku. Skjalið er byggt á tillögu vinnuhóps um hæfni í íslensku sem skilað var til kennararáðs. Smávægilegar breytingar til samræmingar hafa átt sér stað.

Samráð var haft við SÍS og engar athugasemdir bárust.

Athugasemdir bárust skriflega og munnlega á fundinum. Umræða um hvort og þá hvernig meta skuli íslenskuhæfni kennara þangað til hæfnipróf er tilbúið. Umræða um hvort miða eigi við lágmarkshæfni B2 eða C1 skv. evrópska tungumálarammanum fyrir kennara með kennaramenntun erlendis frá.

Tillagan var samþykkt í ráðinu. Ekki var þó einhugur um einstaka atriði.

Formaður sendir lokaútgáfu á meðlimi ráðsins og sendir svo hæfnirammann með minnisblaðinu til ráðherra í júlí.

**4. Formaður kynnti drög að minnisblaði sem formaður og formaður vinnuhóps um starfsþróun lögðu fram. Þar eru tillögur um innihald reglugerðar sem snýr að starfsþróun.**

Kennararáðið breytti tillögunum á staðnum og voru þær svo samþykktar.

Formaður hefur svo samband við SÍS. Í framhaldi er unnt að bregðast við athugasemdum og senda lokaútgáfu á kennararáð. Reiknað er með að afgreiða lokaskjalið í kennararáði með tölvupósti á næstunni. Þá verður tillagan send með öðrum tillögunum sem snúa að sömu reglugerð til ráðherra í júlí.

Umræða um „vegabréf“ kennara þar sem unnt er að halda utan um eigin starfsþróun. Stefnt að því eftir næsta fund að hvetja KÍ til að koma slíku starfsþróunaryfirliti á fót.

Umræða um yfirsýn yfir hvernig starfsþróun kennara er háttað. Unnt er að nálgast upplýsingar um úthlutanir hjá SEF, Endurmenntunarsjóði grunnskóla og Sprotasjóði. Bent var á að gagnlegt væri ef sjóðir KÍ sem m.a. veita styrki til starfsþróunar, gæfu einnig út yfirlit yfir þá starfsþróun sem fer fram í gegnum sjóðinn.

**5. Varaformaður kynnti drög að starfsáætlun 2021-2022.**

Meðlimir ráðsins eru hvattir til að koma athugasemdum og tillögum áleiðis til formanns tímanlega fyrir næsta fund. Stefnt að því að samþykkja starfsáætlunina þá.

**6. Formaður kynnti tillögu að fundartímum út júní 2022.**

Fundað að jafnaði fjórða fimmtudag hvers mánaðar kl. 13-15. Undantekning í desember 2021 og maí 2022 þegar um þriðja fimmtudag er að ræða.

Fram kom ánægja með Teams-fundarfyrirkomulag, sérstaklega fyrir þá sem eru búsettir utan höfuðborgarsvæðisins. Fram kom ábending um að gott væri að hittast einhverntíman í persónu.

**7. Önnur mál**

Varaformaður sagði frá nýjustu þróun sem snýr að Menntarannsóknasjóði.

Fundi slitið kl. 15:05

Næsti fundur: Fimmtudaginn 26. ágúst kl. 13-15.

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara: BÁ |